

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2013

Strandasýsla

Að þessu sinni fór afkvæmarannsókn á kollóttum hrútum fram á bæjunum Miðdalsgröf og Tröllatungu í Tungusveit. Þrír aðkomuhrútar voru fengnir til prófunar auk þess sem einn heimahrútur í Miðdalsgröf var einnig notaður í Tröllatungu. Aðkomuhrútarnir voru þessir: Roði 10-136, fæddur á Melum í Árneshreppi en í eigu Ragnars Bragasonar á Heydalsá, Rosi 11-158, fæddur í Gautsdal en í eigu Tómasar Sigurgeirssonar á Reykhólum og Þór 11-065 frá Stað í Reykhólasveit. Jafnframt var Toppur 09-310 heimahrútur í Miðdalsgröf notaður í Tröllatungu.

Mælingar á lifandi lömbum fóru fram dagana 24. og 25. september. Í Miðdalsgröf voru það Anna Margrét Jónsdóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason sem sáu um mælingar og dóma en í Tröllatungu voru það Þórður Pálsson, Jón Viðar Jónmundsson og Eyjólfur Ingvi Bjarnason. Upplýsingar um kjötmat byggja aðeins á slátrun fljótlega eftir að dómar voru framkvæmdir.

Við uppgjör rannsóknarinnar er einungis tekið mið af lömbum sem gengu undir sem tvílembingar.

Í rannsókninni í Miðdalsgröf eru afkvæmahóparnir undan Gormi 10-314 og Brodda 09-311 allt afkvæmi tveggja vetra áa og taka þarf mið af því þegar menn fara að túlka niðurstöður þeirra. Á báðum búunum voru það hins vegar afkvæmi þeirra Rosa 11-158 og Roða 10-136 sem báru af í lifandi hlutanum. Afkvæmi beggja sýna talsvert útslag í þykkt bakvöðva, afkvæmi Rosa þó meira í hrútlömbum en Roða í gimbrarlömbum. Enginn hrútur sýndi skýra yfirburði í sláturlömbum en þar kom heldur enginn hrútur mjög illa út.

Afkvæmahópur Robba 11-324 sem er sonur Roða kom einnig vel út heima í Miðdalsgröf, þroskamikil og vel gerð lömb en Robbi var á toppnum í afkvæmarannsókn haustið 2012. Afkvæmi Þórs 11-065 stóðust ekki þær væntingar sem til þeirra voru gerðar en hann kom þó mun betur út í Tröllatungu en í Miðdalsgröf. Jafnframt kom það í ljós að tími Topps 09-310 er liðinn en hann hefur komið vel út í Miðdalsgröf undanfarin ár en í gæðum stóðst hann ekki samanburð við sér yngri hrúta þetta árið.

Að rannsókninni lokinni var ákveðið að fala þá Roða 10-136, Rosa 11-158 og Robba 11-324 til notkunar á sæðingastöð. Þar verður Roði númer 10-897, Rosi númer 11-899 og Robbi númer 11-900.

Miðdalsgröf

Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Brodði	09-311	Brodði	07-015	119,7	141,5	130,6	17,0	10,5	6,5	28,8	2,5	17,4
Gormur	10-314	Garpur	09-308	122,3	123,4	122,9	17,6	9,7	6,0	28,7	2,8	17,2
Rosi	11-158	Baugur	09-341	98,6	141,8	120,2	17,3	9,5	6,9	29,4	2,8	17,3
Robbi	11-324	Roði	10-136	107,8	128,6	118,2	18,0	9,9	6,9	28,8	2,7	17,4
Roði	10-136	Drangur	09-606	119,5	116,6	118,1	16,8	10,1	6,2	28,5	2,9	17,3
Dalur	12-326	Stafur	10-645	107,1	78,5	92,8	17,1	10,4	7,0	27,5	4,0	17,2
Riddari	12-325	Robbi	11-324	89,5	94,4	92,0	16,6	8,9	6,8	27,3	2,9	17,4
Baugur	12-327	Drangur	09-606	92,9	83,7	88,3	17,1	9,4	7,1	27,1	3,5	17,3
Þór	11-065	Svanur	10-057	82,3	81,3	81,8	17,5	8,7	7,0	27,6	3,1	17,1
Toppur	09-310	Tindur	08-539	86,2	68,0	77,1	16,9	9,4	7,3	26,3	3,0	17,1
Melur	12-328	Glói	11-698	96,0	48,6	72,3	17,8	10,1	7,5	26,4	3,3	17,4
							17,3	9,6	6,9	27,9	3,0	17,3

Gimbrarlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gormur	10-314	Garpur	09-308	122,3	134,1	128,2	17,6	9,7	6,0	29,3	2,5	17,1
Roði	10-136	Drangur	09-606	119,5	121,7	120,6	16,8	10,1	6,2	28,7	2,6	17,4
Robbi	11-324	Roði	10-136	107,8	127,8	117,8	18,0	9,9	6,9	28,8	2,9	17,5
Brodði	09-311	Brodði	07-015	119,7	106,7	113,2	17,0	10,5	6,5	27,8	2,4	17,4
Dalur	12-326	Stafur	10-645	107,1	115,4	111,3	17,1	10,4	7,0	28,9	3,5	17,3
Rosi	11-158	Baugur	09-341	98,6	109,4	104,0	17,3	9,5	6,9	28,6	3,2	17,0
Melur	12-328	Glói	11-698	96,0	100,6	98,3	17,8	10,1	7,5	27,7	2,5	17,4
Þór	11-065	Svanur	10-057	82,3	95,6	89,0	17,5	8,7	7,0	27,9	3,0	17,0
Riddari	12-325	Robbi	11-324	89,5	80,2	84,9	16,6	8,9	6,8	27,2	3,4	17,5
Toppur	09-310	Tindur	08-539	86,2	78,2	82,2	16,9	9,4	7,3	27,1	3,1	17,3
Baugur	12-327	Drangur	09-606	92,9	66,6	79,8	17,1	9,4	7,1	27,2	3,4	17,4
							17,3	9,6	6,9	28,0	3,0	17,3

Tröllatunga

Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Rosi	11-158	Baugur	09-341	102,5	146,7	124,6	18,3	9,0	7,2	28,8	2,5	17,3
Njáll	08-405	Týr	06-819	110,0	131,6	120,8	17,9	9,1	6,9	27,7	2,1	17,0
Roði	10-136	Drangur	09-606	108,5	119,1	113,8	17,2	9,2	6,9	27,7	2,6	17,2
Þór	11-065	Svanur	10-057	88,4	116,3	102,4	18,6	8,7	7,6	27,8	2,6	17,2
Hlekkur	09-061	Glæsir	08-054	108,9	85,2	97,1	16,6	9,4	7,0	26,3	2,7	17,0
Toppur	09-310	Tindur	08-539	103,1	86,9	95,0	17,5	9,2	7,2	26,4	2,4	16,9
Kjarni	12-425	Tappi	11-420	94,2	91,4	92,8	18,5	9,2	7,7	26,7	2,5	17,1
Kóngur	11-419	Roði	09-410	92,9	77,7	85,3	18,9	9,8	8,2	26,6	2,6	17,0
Lassi	12-426	Kubbur	11-423	82,2	65,2	73,7	18,9	8,9	8,1	26,2	3,0	17,1
							18,0	9,2	7,4	27,1	2,6	17,2

Gimbrarlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Roði	10-136	Drangur	09-606	108,5	142,2	125,4	17,2	9,2	6,9	28,5	2,7	17,3
Rosi	11-158	Baugur	09-341	102,5	122,1	112,3	18,3	9,0	7,2	28,0	3,0	17,4
Njáll	08-405	Týr	06-819	110,0	96,6	103,3	17,9	9,1	6,9	26,9	2,7	17,5
Þór	11-065	Svanur	10-057	88,4	112,9	100,7	18,6	8,7	7,6	27,6	2,6	17,1
Kjarni	12-425	Tappi	11-420	94,2	102,5	98,4	18,5	9,2	7,7	26,9	2,4	17,1
Toppur	09-310	Tindur	08-539	103,1	92,5	97,8	17,5	9,2	7,2	26,1	2,2	17,3
Hlekkur	09-061	Glæsir	08-054	108,9	80,4	94,7	16,6	9,4	7,0	26,1	2,6	17,2
Kóngur	11-419	Roði	09-410	92,9	71,5	82,2	18,9	9,8	8,2	26,1	2,6	17,3
Lassi	12-426	Kubbur	11-423	82,2	78,0	80,1	18,9	8,9	8,1	26,3	2,9	17,3
							18,0	9,2	7,4	27,0	2,7	17,3

Dalásýsla

Haustið 2010 var í fyrsta skipti unnin afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvarnar í Dalahólfi nyrðra og nú var það endurtekið, að þessu sinni á bæjunum Geirmundarstöðum og Klifmýri á Skarðsströnd. Í rannsóknina voru fengnir tveir aðkomuhrútar auk þess sem einn heimahrútur á hvoru búi var notaður á báðum búunum. Heimahrútarnir sem notaðir voru sameiginlega voru þeir Hængur 10-533 og Völlur 11-494. Aðkomuhrútarnir voru Snær 10-528 frá Rauðbarðaholti og svo Dagur 09-207 frá Hallsstöðum á Fellsströnd. Ekki tókst betur til en svo að rangur hrútur fór að Klifmýri, Spói 10-215 sem eftir allt saman reyndist svo rétti hrúturinn þar sem Dagur var með áhættuafgerð. Svo því sé til haga haldið þá eru Spói 10-215 og Dagur 09-207 báðir frá Hallsstöðum, sammæðra og mjög líkir í útliti. Fór því svo að Spói var notaður á Klifmýri en Dagur á Geirmundarstöðum.

Lifandi lömb voru mæld 1. og 2. október. Að mælingum og dómum komu þeir Eyþór Einarsson og Lárus Birgisson. Upplýsingar um kjötmat byggja á slátrun nokkrum dögum eftir dóma og mælingar. Við uppgjörið eru aðeins notaðar upplýsingar um lömb sem gengu undir sem tvílembingar. Við uppgjör dóma á hrútlömbum er aðeins unnið með þá hrúta sem áttu tilskilinn fjölda í afkvæmahópum sínum. Ekki var lögð vinna í að skoða öll hrútlömb undan heimahrútum en undan öllum hrútunum sem notaðir voru sameiginlega voru öll lömb, sem komin voru heim, skoðuð.

Á Klifmýri voru það Blossi 09-477 og Vogur 11-499 sem voru nokkuð afgerandi efstir í afkvæmarannsókninni og munar þar mestu um glæsilegar mælingar á lifandi lömbum þeirra. Blossi hefur áður verið undir nálarauga sæðingastöðvanna en hefur gallaða fætur og því ekki verið tækur á sæðingastöð. Vogur drapst síðasta vetur þannig að hann náði ekki inná sæðingastöð þó hann hafi vissulega verðskuldað sæti þar. Skammt á hæla þessara tveggja hrúta kemur svo Hængur 10-533 með mjög öflugan hóp gimbrarlamba.

Á Geirmundarstöðum er það Einir 11-539 sem er nokkuð afgerandi sigurvegari rannsóknarinnar hvort heldur sem er fyrir lifandi lömb eða sláturlömb. Næstur honum kemur Hængur 10-533 en hann hefur komið vel út síðustu tvö haust þar heima. Einnig var þar öflugur hópur undan Búa 11-540 líkt og síðasta haust.

Aðkomuhrútarnir Snær 10-528, og hálfbræðurnir Dagur 09-207 og Spói 10-215 sýndu ekki þær niðurstöður sem þeir höfðu áður sýnt á sínum heimabúum. Að rannsókninni lokinni var því mest horft á þá Eini 11-539 og Hæng 10-533 fyrir sæðingastöðvarnar. Var niðurstaðan sú að fala Hæng til notkunar á sæðingastöð þar sem hann verður númer 10-903 en bíða um sinn með Eini meðan dætur hans eru að sýna hvað í þeim býr en fyrstu vísbendingar voru honum ekki hagfelldar.

Klifmýri

Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Blossi	09-477	Kveikur	05-965	102,4	140,7	121,6	15,9	8,3	5,5	29,8	2,6	17,3	
Vogur	11-499	Tenór	08-873	105,0	136,5	120,8	15,5	8,8	5,7	28,7	2,0	17,4	
Spói	10-215	Hrói	07-836	106,0	83,4	94,7	16,6	8,8	5,8	26,0	2,0	17,1	
Hængur	10-533	Kjarkur	08-840	96,3	85,6	91,0	16,2	8,8	6,1	26,6	2,2	17,1	
Völlur	11-494	Hukki	06-841	86,5	85,4	86,0	17,5	9,6	7,2	26,6	2,1	17,2	
Snær	10-528	Sær	09-521	90,5	69,6	80,1	16,2	8,8	6,3	26,1	2,5	17,2	
								16,0	8,8	5,9	27,3	2,2	17,2

Gimbrarlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Blossi	09-477	Kveikur	05-965	107,9	130,8	119,4	15,9	8,3	5,5	28,7	2,5	17,4	
Vogur	11-499	Tenór	08-873	111,2	124,7	118,0	15,5	8,8	5,7	28,2	2,3	17,4	
Hængur	10-533	Kjarkur	08-840	100,4	114,9	107,7	15,9	8,6	5,9	28,5	2,3	17,2	
Glámur	12-404	Runni	11-492	97,0	109,7	103,4	16,2	8,5	6,0	27,9	2,4	17,5	
Gámur	12-403	Púki	06-807	102,2	104,3	103,3	15,6	8,6	5,8	27,8	2,6	17,2	
Skutull	12-408	Stöpull	07-460	108,7	92,2	100,5	15,6	8,6	5,6	26,9	2,3	17,2	
Toppur	11-489	Dáti	10-484	84,5	111,0	97,8	16,1	8,6	6,4	28,1	2,5	17,2	
Völlur	11-494	Hukki	06-841	91,9	97,3	94,6	17,6	9,7	7,2	27,6	2,3	17,3	
Múli	12-405	Guffi	08-869	96,7	91,2	94,0	15,6	8,5	5,9	27,3	2,4	17,2	
Runni	11-492	Laufi	08-848	111,3	75,6	93,5	16,0	8,3	5,3	26,0	2,1	17,1	
Spói	10-215	Hrói	07-836	106,0	78,1	92,1	16,6	8,8	5,8	26,7	2,7	17,1	
Viður	11-496	Kvistur	07-866	89,1	91,4	90,3	15,3	8,4	6,0	27,1	2,3	17,1	
Snær	10-528	Sær	09-521	93,9	85,6	89,8	16,1	8,8	6,3	26,8	2,4	17,3	
Sproti	10-480	Kvistur	07-866	86,6	89,1	87,9	15,7	8,8	6,4	27,1	2,4	17,3	
Sjóður	12-407	Seiður	09-874	93,9	81,0	87,5	16,1	8,8	6,3	27,1	2,7	17,2	
Stormur	12-410	Bylur	10-488	92,5	76,8	84,7	15,4	7,9	5,6	26,7	2,4	16,8	
								15,6	8,6	5,9	27,6	2,4	17,2

Geirmundarstaðir

Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Einir	11-539	Borði	08-838	123,3	130,7	127,0	15,2	9,9	5,5	28,6	2,5	17,5	
Hængur	10-533	Kjarkur	08-840	114,8	120,0	117,4	15,3	9,7	5,6	28,0	2,3	17,5	
Búi	11-540	Tenór	08-873	109,8	122,4	116,1	15,2	9,0	5,3	28,2	2,4	17,4	
Dagur	09-207	Vorm	03-988	79,6	100,9	90,3	17,0	9,1	6,7	28,2	2,6	17,3	
Völlur	11-494	Hukki	06-841	85,3	45,1	65,2	15,6	8,8	6,0	25,2	2,3	17,3	
Snær	10-528	Sær	09-521	72,5	46,4	59,5	15,4	8,4	6,1	25,3	2,4	17,2	
								15,6	9,2	5,8	27,5	2,4	17,4

Gimbrarlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Einir	11-539	Borði	08-838	125,2	154,5	139,9	15,2	9,9	5,5	29,6	2,4	17,4	
Búi	11-540	Tenór	08-873	111,8	130,2	121,0	15,2	9,0	5,3	28,8	2,4	17,2	
Hængur	10-533	Kjarkur	08-840	116,7	110,2	113,5	15,3	9,7	5,6	28,2	2,3	17,3	
Ari	12-545	Púki	06-807	92,1	92,0	92,1	15,5	8,9	5,9	27,5	2,0	17,3	
Gyrðir	11-542	Tenór	08-873	102,8	69,8	86,3	15,9	9,1	5,8	27,1	2,7	17,2	
Dagur	09-207	Vorm	03-988	83,1	80,4	81,8	17,0	9,1	6,7	27,8	2,6	17,1	
Mosi	11-538	Laufi	08-848	85,7	71,7	78,7	15,6	8,9	6,1	26,4	2,5	17,2	
Völlur	11-494	Hukki	06-841	87,4	64,5	76,0	15,6	8,8	6,0	27,1	2,7	17,4	
Snær	10-528	Sær	09-521	74,4	77,2	75,8	15,4	8,4	6,1	27,3	2,8	17,3	
								15,6	9,1	5,8	28,1	2,5	17,3

Ytri - Skógar

Líkt og um árabíl voru veturgömlu hrútarnir í Ytri-Skógum í samanburði þar sem eingöngu hrútlömbin undan þeim voru skoðuð. Lifandi lömb voru mæld 27. september af þeim Jóni Viðari Jónmundssyni, Fanney Ólöfu Lárusdóttur og Grétari Má Þorkelssyni. Kjötmatupplýsingar byggja svo á sömu lömbum að undanskildum þeim hrútum sem valdir voru til lífs.

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Saumur	12-453	Nagli	11-430	129,8	128,0	128,9	17,6	11,1	5,8	31,1	2,5	17,6	
Burkni	12-447	Kvistur	07-866	107,0	115,4	111,2	17,9	10,4	6,2	30,5	2,2	17,3	
Skrúður	12-449	Prúður	11-896	85,5	124,3	104,9	17,6	11,0	7,4	30,8	2,5	17,7	
Auli	12-454	Reimar	11-433	107,9	90,9	99,4	17,3	10,6	6,3	29,6	2,3	17,6	
Funi	12-452	Ylur	10-413	91,7	104,2	98,0	17,4	10,9	7,1	30,2	2,4	17,5	
Fáni	12-450	Borði	08-838	94,9	94,4	94,7	17,7	10,9	7,0	30,0	2,7	17,5	
Sónn	12-451	Tenór	08-873	92,3	83,0	87,7	18,4	9,8	6,4	30,1	2,6	17,2	
Frosti	12-448	Fannar	07-808	93,4	63,8	78,6	16,3	10,1	6,5	28,5	2,5	17,3	
								17,5	10,6	6,6	30,1	2,5	17,5

Nokkuð afgerandi efstur í rannsókninni er Saumur 12-453 sonur Nagla 11-430 sem stóð efstur í sambærilegri rannsókn fyrir ári síðan. Afkvæmi Saums eru væn, virkilega vel gerð, mjög fitulítill með glæsilegar bakmælingar. Næstur Saum kemur svo Skróður 12-449 en sláturmiðurstöður afkvæma hans er honum heldur í óhag. Burkni 12-447 á einnig glæsilegan hóp þarna en gerð afkvæma hans er heldur undir meðaltali rannsóknarinnar. Funi 12-452 átti einnig mjög athyglisverðan afkvæmahóp þarna þó í heildareinkunn komi hann út á meðaltali. Hann átti allavega nokkur af athyglisverðustu hrútlömbunum sem fróðlegt verður að fylgjast með í framtíðinni.

Að rannsókninni lokinni var ákveðið að fala Saum til notkunar á sæðingastöð þar sem hann mun bera númerið 12-915.

Hestur

Á Hesti voru veturgömlu hrútarnir í samanburði líkt og verið hefur í mörg ár. Niðurstöðurnar sem hér fylgja eru sambærilegar öðrum rannsóknum nema fyrir læri og síðu, þar byggja meðaltölin á skrokkmælingum að lokinni slátrun þar sem gefin eru stig fyrir læri og fituþykkt á síðu er mæld í millimetrum. Að þessari rannsókn komu starfsmenn Grímshaga ehf. auk þeirra Eyjólf Kristins Örnólfssonar og Emmu Eyþórsdóttur frá Lbhí. Einn aðkomuhrútur var fenginn í prófun að Hesti en það var Gaur 10-363 frá Giljahlíð sonur Flóka 08-363 sem einnig kom í prófun að Hesti á sínum tíma.

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Síða
Bursti	12-669	Kjölur	11-651	110,9	138,4	124,7	15,9	9,8	5,0	30,3	3,0	3,80	5,82
Sproti	12-685	Kvistur	07-866	100,0	129,8	114,9	15,4	9,0	5,0	29,6	3,0	3,61	6,89
Skratti	12-683	Púki	06-807	104,8	110,3	107,6	15,9	10,1	5,6	28,8	2,9	3,85	7,40
Reykur	12-681	Mökkur	11-663	112,7	99,4	106,1	15,2	10,1	5,0	28,1	2,8	3,74	6,66
Skolli	12-672	Kænn	11-654	94,8	117,3	106,1	15,2	9,0	5,2	29,0	2,9	3,46	7,73
Þrymur	12-674	Jötunn	11-620	90,9	120,6	105,8	15,6	8,7	5,2	29,2	2,9	3,44	6,73
Vetur	12-679	Skænir	11-660	105,6	96,3	101,0	16,1	9,8	5,4	28,3	2,8	3,58	6,41
Kantur	12-677	Skari	11-083	106,5	89,9	98,2	15,7	9,4	5,0	27,9	2,8	3,48	5,51
Kondór	12-675	Örn	11-658	104,8	87,4	96,1	14,5	9,2	4,8	27,7	2,8	3,71	5,61
Röggur	12-667	Drifandi	11-895	90,5	96,9	93,7	15,7	8,6	5,2	28,3	2,8	3,46	6,63
Bekri	12-684	Grábotni	06-833	99,5	87,1	93,3	15,5	10,0	5,7	27,9	2,8	3,81	6,89
Vaki	12-678	Skænir	11-660	96,7	83,3	90,0	15,4	9,5	5,5	27,5	2,8	3,65	7,29
Pati	12-668	Hades	11-649	89,9	74,3	82,1	14,6	8,8	5,2	27,1	2,7	3,51	7,18
Gaur	10-363	Flóki	08-363	98,8	61,9	80,4	15,3	9,4	5,3	26,9	2,7	3,75	6,23
							15,4	9,3	5,2	28,3	2,8	3,62	6,66

Fjórir hrútar voru valdir til notkunar á sæðingastöð að rannsókninni lokinni. Þeir eru Bursti 12-669 (12-912), Skratti 12-683 (12-913), Vetur 12-679 (12-914) og Bekri 12-684 (12-911). Bursti kemur afgerandi best út hvort heldur sem er í mælingum lifandi lamba eða í mati sláturlamba. Næstur honum kemur Sproti sem sýnir góðar bakvöðvamælingar en gerð lambanna var aðeins breytileg auk þess sem ull þeirra var mjög slæm, mjög gul og mikið um gular illhæfur. Skratti kemur vel út í flestum þáttum rannsóknarinnar og er einn af athyglisverðari sonum Púka 06-807, sem hafa komið fram á sjónarsviðið. Vetur var valinn á grunni útslags í vænleika lamba, samhliða lítilli fitu en hann er sonur Skænis 11-660 sem kom afgerandi best út á Hesti í rannsókn síðasta árs. Bekri var svo valinn á grunni góðrar kynbótaspár auk þess sem sláturlömb flokkast vel undan honum. Hann er þó heldur undir meðaltali í bakvöðvamælingum.